

Íþróttabandalag Reykjavíkur  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020  
UST202002-128/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi - Laugavegshlaup - Friðland að Fjallabaki**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Íþróttabandalags Reykjavíkur, dagsett 13. febrúar 2020, um leyfi til að halda Laugavegshlaupið Ultra Maraton innan Friðlandsins að Fjallabaki þann 18. júlí 2020.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Umferð gangandi fólks er heimil um svæðið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem við á og gengið sé snyrtilega um svæðið.

#### **Lýsing verkefnis:**

Laugavegur Ultra Maraton hefur farið fram síðustu 24 ár og verður hlaupið haldið laugardaginn 18. júlí árið 2020. Hlaupið hefst í Landmannalaugum og fer eftir gönguslóða Ferðafélags Íslands sem endar í Húsadal. Reikna má með að fjöldi þátttakenda í ár verði um 600 manns. Flestir þátttakenda koma í Landmannalaugar með rútum á vegum hlaupsins. Aðrir koma sér sjálfir á staðinn í einkabílum.

Til að gæta öryggis og takmarka allt rusl eru, um 90 starfsmenn, 50 starfsmenn frá hlaupahópnum Frískum Flóamönnum og Björgunarfélagi Árborgar auk starfsmanna Íþróttabandalags Reykjavíkur, víðs vegar á leiðinni. Sérstök áhersla verður lögð á að keppendur gangi vel um og hendi ekki rusli á leiðinni. Starfsmenn verða í hlutverki eftirfara sem týna upp merkingar, rusl og annað sem fylgir hlaupinu. Allir þátttakendur eru upplýstir um umgengnisreglur á Laugaveginum sem eru m.a. þær að fara eftir merktri leið FÍ, að henda engu rusli á leiðinni og bera með sér eigið rusl. Þeir skrifa einnig undir skjal þess efnis að þeir hafi lesið reglur og kynnt sér umgjörð hlaupsins og ætti að fara eftir þeim fyrirmælum. Sjá nánar um reglur hlaupsins og aðrar upplýsingar um hlaupið á vefsíðunni laugavegshlaup.is. Til að vernda náttúruna og takmarka rusl á drykkjarstöðum verða þátttakendur að hafa með sér sitt eigið fjölnota drykkjarmál og ekki verður hægt að fá pappaglöð. Ferðaklösett verða sett upp í Landmannalaugum, tjöld verða í Húsadal og drykkjastöðvar verða á 6 stöðum á hlaupaleiðinni. ÍBR - viðburðir er m.a. í samstarfi við Ferðafélag Íslands sem tekur þátt í að þjónusta þátttakendur í hlaupinu við skála FÍ og Volcano Huts sem er staðarhaldari í Húsadal. Lögð er áhersla á það við starfsmenn á vegum hlaupsins að aka ekki utan vega og passa að umgengni á allri Laugavegsleiðinni verði góð.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur litlar líkur á að hlaupið muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi Friðlandsins að Fjallabaki. Litlar líkur eru á að framkvæmd hlaupsins muni valda spjöllum á friðlýstum náttúruminjum og að rask verði minniháttar ef farið verður að þeim skilyrðum sem

settar eru í leyfi þessu. Hlaupið mun mögulega hafa tímabundin neikvæð áhrif á aðra gesti á svæðinu sem eru ekki þátttakendur í hlaupinu.

Gönguleiðin um Laugaveg liggur um viðkvæmt hverasvæði við Brennisteinsöldu þar sem hætta er á raski á viðkvæmum hverahrúðum. Önnur leið um svæðið liggur meðfram umræddu hverasvæði. Til verndar hverasvæðinu og af öryggisástæðum munu starfsmenn Umhverfisstofnunar gera ráðstafanir með að vísa þátttakendum í Laugavegshlupinu um gönguleiðina meðfram hverasvæðinu. Starfsmenn stofnunarinnar munu upplýsa stjórnendur viðburðarins um færsluna og hvar leiðin liggur um svæðið.

Landmannalaugar eru á appelsínugulum lista vegna mikils ágangs ferðamanna á náttúru svæðisins. Bílastæði í Landmanalaugum eru takmörkuð. Af þeim sökum telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fjöldi þátttakenda fari ekki yfir þann fjölda sem leyfið nær yfir og að þátttakendur noti hópferðabíla í stað einkabíla til að komast á svæðið.

Um er að ræða umsókn um leyfi fyrir viðburði á tíma sem stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið mun að öllum líkindum hafa tekið gildi. Áætlad er að áætlunin verði tilbúin í byrjun sumars í ár og leyfið miðast við þær reglur sem þar koma fram, en þar er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ganga utan göngustíga á umræddri hlaupaleið innan friðlandsins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir að viðburðurinn Laugavegshlaupið fari fram innan Friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan 18. júlí 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppninnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda, hvernig þátttakendur og starfsmenn er komið á staðin og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- A.m.k. 3 dögum áður en hlaupið fer af stað skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð hlaupsins þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugað hlaup.
- Fjöldi þátttakenda í hlaupinu fari ekki yfir 600 manns.
- Stjórnendur hlaupsins gefi sig fram við landverði svæðisins og upplýsi þá um upphaf hlaupsins og lok þess.
- Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig á gönguleið alla leið frá upphafsstöð að endastöð hlaupsins. Stjórnendur hlaupsins skulu upplýsa þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri meðfram Laugavegi.
- Auglýsa skal hlaupið vel og upplýsa aðra gesti á svæðinu að um tímabundna truflum sé að ræða á Laugaveginum á meðan á hlaupinu stendur.
- Gönguleiðin Laugavegur kann að vera strjált stikuð að hluta og því skulu aðstandendur hlaupsins sjá til þess að merkingar verði bættar á þeim svæðum þar sem gönguleiðin er ógreinileg til að fyrirbyggja að fólk hlaupi til hliðar við gönguleið með tilheyrandi raski og jafnvél myndun hliðarstíga. Brýnt er að passa vel upp á framangreint og merkja leiðina vel á viðkvæmum svæðum á borð við mosa- eða lyngmóa og votlendi, á hverasvæðinu suður af Hrafntinnuskeri og niður Jökultungur. Eins er mikilvægt að

staðkunnugir starfsmenn hlaupsins beini þáttakendum inn á gönguleiðina þar sem þörf krefur.

- Drykkjarstöðvar innan Friðlandsins að Fjallabaki skulu vera staðsettar á malarplönum við skála þar sem engin hætta er á að viðkvæmur gróður skaðist.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Óheimilt er að aka utan vega og skulu starfsmenn sem koma að hlaupinu einungis aka eftir merktum vegum.
- Mælist er til þess að þáttakendur komi á svæðið í skipulögðum rútuferðum á vegum viðburðarins þar sem bílastæði eru takmörkuð og vegsamgöngur erfiðar.
- Þáttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er við skála sem drykkjarstöðvar eru staðsettar á eða á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur



Hákon Ásgeirsson  
teymisstjóri